

Mál nr. 362/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 28. október 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. október 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 17. mars 2023 gengist undir ófrjósemisaðgerð hjá læknum X. Í aðgerðinni hafi komið upp vandamál þegar klippa átti á vinstri sáðrás og þurfti því að gera stærri skurð, með tilheyrandi óþægindum fyrir M. Eftir aðgerðina var M ráðlagt að kæla svæðið og sagt að hafa samband ef hann hefði áhyggjur. Síðar sama dag hélt svæðið áfram að bólgn og gat M vart gengið vegna bólgu. Hringdi M þá á læknastöð X en var upplýstur um að X væri farinn heim og fékk M því enga hjálp þar. Í kjölfarið leitaði M á bráðamóttöku Landspítala og var mat læknis þar að líklega hefði blætt svona mikið innvortis. Á mánudeginum 20. mars 2023 óskaði M eftir að fá samband við X sem svo hringdi í hann. Upplýsti X hann um að þetta væri eðlilegt. M hringdi aftur í X daginn eftir með sömu umkvartanir en M tók þeim áhyggjum fálega. M hringdi í nokkur skipti til viðbótar á starfsstöð X og óskaði eftir því að X hefði samband við hann. Framhaldið atvikaðist með þeim hætti að M leitaði nokkrum sinnum á Landspítala og í ljós kom að drep komst í 2/3 hluta vinstra eista sem og eistalyppuna og undirgekkst M aðgerð 31. mars 2023 hjá þvagfæraskurðlækni á einkastofu eftir tilvísun frá Landspítala þar sem drep var hreinsað og fjarlægja þurfti eistað.

Vegna þessa hefur M gert kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu læknisins X auk þess sem M tilkynnti einnig atvikið til Sjúkratrygginga Íslands vegna aðkomu Landspítala í málinu. M tilkynnti atvikið einnig til landlæknis sem skilaði álitinu sínu þann 2. maí 2025. Niðurstaða landlæknis var sú að X hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem hann hafi ekki sinnt eftirliti með M með fullnægjandi hætti eftir aðgerð ásamt því að vanrækja skráningar í sjúkraskrá. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað úr sjúklingatryggingu X með vísan til þess að ósannað væri að meðferð X hefði verið hagað með ófullnægjandi hætti og í ósamræmi við 1. tölul. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Einnig taldi V að skilyrði 4. tölul. 2. gr. laganna væri ekki uppfyllt. Telur M að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna læknisþjónustu sem hann fékk hjá X á tímabilinu 17. mars – 21. mars 2023. Byggir M á því að X hafi ekki sinnt eftirfylgni eftir aðgerðina með fullnægjandi hætti. Strax á aðgerðardegi hafi verið ljóst að aðgerðin hafi orðið umfangsmeiri en almennt gerist. Þegar M hafi haft samband við X hafi honum eingöngu verið ráðlagt að vera þolinmóðum og taka inn verkjalyf. Taldi X fullnægjandi að meta ástand M símleiðis og bauð honum ekki að koma til sín í skoðun. Sem sérfræðingi í sínu fagi hefði X mátt vera ljóst að ekki væri allt með felldu. Athafnaleysi X í þessum efnum leiði til þess að skilyrði 1. tölul. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Niðurstaða landlæknis hafi verið að bæði Landspítala og X hafi ekki sinnt M sem skyldi. Það leiðir ekki til þess að ábyrgð X á tjóni M sé engin. Mistök eins heilbrigðisstarfsmanns útiloki ekki mistök annars. Læknar Landspítala hafi talið rétt að aðgerðarlæknir hitti sjúkling og mæti ástandið og tekur M undir það að það hafi verið á ábyrgð X að skoða M og fylgja honum eftir, sér í lagi í ljósi ítrekaðra umkvartana hans og þeirrar staðreyndar að hnökrar komu upp í aðgerðinni sem gerðu hana umfangsmeiri en ella. Byggir M kröfu sína fyrst og fremst á 1. tölul. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu en til vara á 4. tölul. 2. gr. laganna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða V að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli meintrar vanrækslu X við eftirmeðferð og færslu sjúkraskrár og aðgerðarinnar sjálfrar og þess tjóns sem hann krefst bóta fyrir. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum úr sjúkraskrá, leitaði M aldrei aftur til X í kjölfar aðgerðarinnar. Þess í stað leitaði hann fjórum sinnum á bráðamóttöku Landspítala. Í fyrstu heimsóknunum var M ávallt vísað heim með ávísun á sýklalyf og var ekki skoðaður af þvagfæraskurðlækni fyrr en við fjórðu heimsóknina, þann 30. mars 2023. Það var ekki fyrr en þá að gripið var til aðgerða og ákveðið að fjarlægja vinstra eistað daginn eftir. Ómskoðun sem framkvæmd

var á Landspítala þann 24. mars 2023 sýndi skert blóðflæði í vinstra eista og eistalyppu en hafði verið rangtúlkun af starfsmönnum spítalans og ranglega skráð í sjúkraskrá sem eðlilegt blóðflæði. Þessi rangtúlkun og seinkun á réttri greiningu og meðferð dragi verulega úr líkum á því að tjónið sé beint rakið til aðgerðarinnar hjá X eða meintrar vanrækslu í eftirmeðferð af hálfu X. Tjónið verði ekki rakið til sjaldgæfs fylgikvilla aðgerðar, sbr. 4. tölul. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu enda blæðingar og sýkingar algengir fylgikvillar þeirrar aðgerðar sem M gekkst undir.

Í viðbótarathugasemddum sínum hafnar M því í fyrsta lagi að hafa ekki leitað til X eftir aðgerðina. Hann hafi vissulega ekki mætt á starfsstöð X en hafði samband við starfsstöðina strax á aðgerðardegi, sem var á föstudegi. Á mánudeginum hafi X rætt við M símleiðis en ekki boðið honum í skoðun. Hringdi M aftur í X degi síðar með sömu umkvartanir. Í öðru lagi áréttað M að hann telur X bera ábyrgð, ásamt Landspítala á því tjóni sem hann varð fyrir í kjölfar aðgerðarinnar. Ætla megi að X hefði strax áttað sig á alvarleika ástandsins hefð hann hitt M og skoðað hann. Allar líkur séu á því að M hefði fyrir fengið rétta greiningu hefði eftirmeðferð X verið hagað með fullnægjandi hætti. Í þriðja lagi bendir M á að seinkun á sérfræðiskoðun X sem þess lækni sem framkvæmdi aðgerðina og bar að fylgja M eftir í bataferlinu, hafi að öllum líkindum verið orsök tjóns M, ekki eingöngu seinkun greiningar af hálfu Landspítala.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. eða 4. tölul. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 2. gr. laganna eru tilgreind þau skilyrði sem uppfylla þarf til að réttur til bóta stofnist úr sjúklingatryggingu. Í 1. tölul. 2. gr. kemur fram að greiða skuli bætur án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að komast hefði mátt hjá því ef rannsókn eða meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í 4. tölul. er fjallað um tjón af völdum sýkingar eða annars fylgikvilla meðferðar sem er meiri en svo að sanngjarn sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Metið skal hve mikið tjónið er, heilsufar sjúklings að öðru leyti og hversu algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir.

Fyrir liggur álit embættis landlæknis, dags. 29. apríl 2025, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að X hafi vanrækt skyldur sínar við eftirfylgni eftir aðgerð og ekki sinnt skráningarskyldu í sjúkraskrárkerfi. Í álitinu kemur fram að engar færslur séu um símtöl og samskipti sem X sjálfur staðfestir að hafi átt sér stað. Þá kemur fram í bréfi frá læknastofu þeirri sem X vinnur hjá, að skráð hafi verið nokkur símaskilaboð til X, þau fyrstu mánudaginn 20. mars 2023. Samkvæmt 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu er tjónþola ekki gert að sanna orsakatengsl með þeim hætti sem almennt gildir í skaðabótarétti, heldur nægir að tjónið megi að öllum líkindum rekja til meðferðar eða skorts á meðferð. Þegar atvik máls þessa eru virt heildstætt verður að telja að X hafi ekki hagað eftirmeðferð M eins vel og unnt var. Umfang aðgerðarinnar reyndist meira en venja er, M lýsti snemma verulegri bólgu og óþægindum og óskaði ítrekað eftir sambandi við X án þess að honum væri boðið í skoðun eða fylgt eftir með viðeigandi hætti. Í ljósi þess verður talið að rétt og tímabær skoðun X hefði að öllum líkindum leitt til þess að unnt hefði verið að grípa fyrir inn í ferlið og bregðast við alvarlegum einkennum sem leiddu til tjóns M. Nefndin tekur fram að þótt tafir á greiningu og rangtúlkun gagna á Landspítala hafi einnig átt þátt í framgangi einkenna, útilokar það ekki bótaskyldu X. Að mati nefndarinnar eru því skilyrði 1. tölul. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 uppfyllt og ber V að greiða M bætur úr sjúklingatryggingu X. Þegar af þeirri ástæðu er ekki nauðsynlegt að fjalla um hvort skilyrði bótaskyldu samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laganna séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. desember 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir